

Eyðublaði þessu ásamt viðhlítandi gögnum skal skila til Skattsins fyrir 1. febrúar ár hvert.

Nafn félags	
Heimilisfang félags	
Kennitala félags	Netfang félags
Nafn tengiliðs	Netfang tengiliðs

1 Fasteign

Heiti og fasteignanúmer fasteigna(r). Skrá má fleiri en eitt heiti og fasteignanúmer í hverja línu. Ef ekki er pláss til að skrá allar fasteignir má skila eigin fylgiblaði.

2 Beint og óbeint eignarhald

Hér skal lýsa beinu og óbeinu eignarhaldi lögaðilans, hvort sem er í orðum eða myndrænt. Í stað þess að lýsa eignarhaldinu hér fyrir neðan má skila eigin fylgiblaði, t.d. ef eignarhald er flókið.

--

3 Upplýsingar um beina og óbeina eigendur, raunverulega eigendur, stjórnarmenn og aðra stjórnendur upplýsingaskylds lögaðila

Hér skal skrá upplýsingar um hvern og einn beinan og óbeinan eiganda, raunverulegan eiganda og eftir atvikum stjórnarmenn og aðra stjórnendur upplýsingaskylda lögaðilans. Þessa síðu skal fylla út í eins mörgum eintökum og nauðsynlegt er til að gera grein fyrir öllum aðilum. Notast má við framhaldsblað af bls. 2 til að fá fleiri eintök af þessari síðu.

Ef beinn eða óbeinn eigandi upplýsingaskylds lögaðila er fjárvörslusjóður eða sambærilegur aðili ber jafnframt að fylla út upplýsingar á bls. 4 um fjárvörslusjóð eða sambærilegan aðila.

Leggja ber fram gögn sem staðfesta gefnar upplýsingar, svo sem ársreikninga, hlutafjármiða, erlend vottorð, stofnsamning, hluthafasamkomu-lag, einkaréttarlega samninga o.fl. Sé raunverulegur eigandi erlendur ríkisborgari skal fylgja með afrit af vegabréfi viðkomandi.

A Upplýsingar um (hakið einungis við eitt atriði hverju sinni): <input type="checkbox"/> Beinan eiganda <input type="checkbox"/> Óbeinan eiganda <input type="checkbox"/> Raunverulegan eiganda <input type="checkbox"/> Stjórnarmann eða annan stjórnanda (einungis lögaðilar með skráð lögheimili erlendis eða útibú erlendra lögaðila)	
B Nafn	
C Kennitala (TIN og fæðingardagur ef kennitölu er ekki til að dreifa)	
D Lögheimili (gata, borg, fylki, ríki)	
E Ríkisfang	
F Vegabréfsnúmer (á einungis við um raunverulegan eiganda sem er erlendur ríkisborgari)	
G Eignarhlutur í lögaðila í beinni eigu (%) (á einungis við um beina og óbeina eigendur) _____	H Atkvæðisréttur í lögaðila í beinni eigu (%) (á einungis við um beina og óbeina eigendur) _____
I Beinn eða óbeinn eignarhlutur í upplýsingaskyldum lögaðila (%) (á einungis við um raunverulega eigendur) _____	J Atkvæðisréttur í upplýsingaskyldum lögaðila (%) (á einungis við um raunverulega eigendur) _____
K Tilgreining á tegund eignarhalds (á einungis við um raunverulega eigendur). Vinsamlegast hakið einungis við eitt atriði. <input type="checkbox"/> 1 Beint eignarhald á hlutfé (á einungis við um ehf./hf.) <input type="checkbox"/> 2 Beint eignarhald / beint eignarhald á stofnfé (á einungis við um sf./sfl./ses) <input type="checkbox"/> 3 Annað (ef valið er annað skal tilgreina tegund eignarhalds hér): _____ _____	

A Upplýsingar um (hakið einungis við eitt atriði hverju sinni): <input type="checkbox"/> Beinan eiganda <input type="checkbox"/> Óbeinan eiganda <input type="checkbox"/> Raunverulegan eiganda <input type="checkbox"/> Stjórnarmann eða annan stjórnanda (einungis lögaðilar með skráð lögheimili erlendis eða útibú erlendra lögaðila)	
B Nafn	
C Kennitala (TIN og fæðingardagur ef kennitölu er ekki til að dreifa)	
D Lögheimili (gata, borg, fylki, ríki)	
E Ríkisfang	
F Vegabréfsnúmer (á einungis við um raunverulegan eiganda sem er erlendur ríkisborgari)	
G Eignarhlutur í lögaðila í beinni eigu (%) (á einungis við um beina og óbeina eigendur) _____	H Atkvæðisréttur í lögaðila í beinni eigu (%) (á einungis við um beina og óbeina eigendur) _____
I Beinn eða óbeinn eignarhlutur í upplýsingaskyldum lögaðila (%) (á einungis við um raunverulega eigendur) _____	J Atkvæðisréttur í upplýsingaskyldum lögaðila (%) (á einungis við um raunverulega eigendur) _____
K Tilgreining á tegund eignarhalds (á einungis við um raunverulega eigendur). Vinsamlegast hakið einungis við eitt atriði. <input type="checkbox"/> 1 Beint eignarhald á hlutfé (á einungis við um ehf./hf.) <input type="checkbox"/> 2 Beint eignarhald / beint eignarhald á stofnfé (á einungis við um sf./sfl./ses) <input type="checkbox"/> 3 Annað (ef valið er annað skal tilgreina tegund eignarhalds hér): _____ _____	

4 Undirritun

Prókúruhafi, stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða eftir atvikum allir félagsmenn (sf./slf.) skulu staðfesta að veittar upplýsingar séu réttar með undirritun sinni.

Staður og dagsetning

Undirritanir

Nafn	Kennitala
Netfang	
Nafn	Kennitala
Netfang	
Nafn	Kennitala
Netfang	
Nafn	Kennitala
Netfang	
Nafn	Kennitala
Netfang	
Nafn	Kennitala
Netfang	
Nafn	Kennitala
Netfang	
Nafn	Kennitala
Netfang	
Nafn	Kennitala
Netfang	
Nafn	Kennitala
Netfang	
Nafn	Kennitala
Netfang	

Upplýsingar um fjárvörslusjóð eða sambærilegan aðila

Þessa síðu skal eingöngu fylla út ef beinn eða óbeinn eigandi upplýsingaskylds lögaðila er fjárvörslusjóður eða sambærilegur aðili.

Notast má við framhaldsblað af bls. 4 til að fá fleiri eintök af þessari síðu þannig að hægt sé að gera grein fyrir öllum aðilum.

1 Upplýsingar um fjárvörslusjóð eða sambærilegan aðila

Nafn fjárvörslusjóðs eða sambærilegs aðila
Kennitala eða TIN númer

2 Upplýsingar um fjárvörsluaðila, stofnaðila, ábyrgðaraðila, réttihafa eða hóp þeirra og aðra einstaklinga sem hafa yfirráð, beint eða óbeint, yfir fjárvörslusjóði eða sambærilegum aðila

A Nafn
B Kennitala (TIN og fæðingardagur ef kennitölu er ekki til að dreifa)
C Lögheimili (gata, borg, fylki, ríki)
D Ríkisfang
E Tengsl við fjárvörslusjóð eða sambærilegan aðila (vinsamlegast hakið við allt sem við á)
<input type="checkbox"/> 1 Fjárvörsluaðili
<input type="checkbox"/> 2 Stofnaðili
<input type="checkbox"/> 3 Ábyrgðaraðili (ef við á)
<input type="checkbox"/> 4 Réttihafi eða hópur þeirra (ef hópur réttihafa, vinsamlegast tilgreinið hverjir þeir eru) _____

<input type="checkbox"/> 5 Annars konar bein eða óbein yfirráð yfir fjárvörslusjóði eða sambærilegum aðila (vinsamlegast útskýrið hvers konar yfirráð) _____

A Nafn
B Kennitala (TIN og fæðingardagur ef kennitölu er ekki til að dreifa)
C Lögheimili (gata, borg, fylki, ríki)
D Ríkisfang
E Tengsl við fjárvörslusjóð eða sambærilegan aðila (vinsamlegast hakið við allt sem við á)
<input type="checkbox"/> 1 Fjárvörsluaðili
<input type="checkbox"/> 2 Stofnaðili
<input type="checkbox"/> 3 Ábyrgðaraðili (ef við á)
<input type="checkbox"/> 4 Réttihafi eða hópur þeirra (ef hópur réttihafa, vinsamlegast tilgreinið hverjir þeir eru) _____

<input type="checkbox"/> 5 Annars konar bein eða óbein yfirráð yfir fjárvörslusjóði eða sambærilegum aðila (vinsamlegast útskýrið hvers konar yfirráð) _____

Leiðbeiningar

Hverjir eru upplýsingaskyldir:

Samkvæmt 10. gr. b jarðalaga, nr. 81/2004, ber lögaðilum sem uppfylla nánar tiltekin skilyrði að upplýsa ríkisskattstjóra um beint og óbeint eignarhald sitt, raunverulega eigendur sína og eftir atvikum um stjórnarmenn og aðra stjórnendur sína.

Lögaðili er einungis upplýsingaskyldur að tveimur skilyrðum uppfylltum:

- Lögaðili á fasteign eða fasteignaréttindi sem falla undir 3.gr. jarðalaga, og
- Lögaðili uppfyllir eitthvert skilyrðanna í liðum a-c hér fyrir neðan:
 - hefur annað hvort aðalstöðvar eða aðalstarfsemi í öðru ríki en Íslandi, hefur þar heimili samkvæmt samþykktum sínum eða um er að ræða útibú erlends félags á Íslandi,
 - fellur undir lög um skráningu raunverulegra eigenda og er samanlagt að minnsta kosti að 1/3 hluta í beinni eða óbeinni eigu erlends/erlendra lögaðila eða er undir yfirráðum erlends/erlendra lögaðila, eða
 - fellur undir lög um skráningu raunverulegra eigenda og er samanlagt að minnsta kosti að 1/3 hluta í beinni eða óbeinni eigu erlends fjárvörslusljóðs/erlendra fjárvörslusljóða eða sambærilegs/sambærilegra aðila eða er undir yfirráðum slíks eða slíkra aðila.

Stærð fasteignarinnar skiptir ekki máli, eða hvort upplýsingaskyldi lögaðilinn eigi fasteignina eða fasteignaréttindin í heild eða hluta.

Um árlega upplýsingaskyldu er að ræða sem skal lokið fyrir 1. febrúar ár hvert.

Um útfyllingu eyðublaðs RSK 17.31

Liður 1

Hér skal skrá heiti og fasteignanúmer allra fasteigna í eigu lögaðilans, sem falla undir 3. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Stærð eignarhlutar lögaðilans í fasteigninni skiptir ekki máli. Ef ekki er pláss til að skrá allar fasteignir má skila inn eigin fylgiblaði.

Liður 2

Hér skal lýsa beinu og óbeinu eignarhaldi upplýsingaskylda lögaðilans. Gera ber grein fyrir öllum beinum og óbeinum eigendum lögaðilans með nákvæmum hætti og rekja eignarhaldið frá botni og upp í topp (t.d. með því að lýsa eignarhaldinu með orðum eða teikna skipurit). Í stað þess að fylla út dálkinn í lið 2 má skila inn eigin fylgiblaði, t.d. ef eignarhald er flókið.

Félög og aðrir lögaðilar skulu einungis skráðir efst í eigendakeðjunni í undantekningartilfellum, svo sem í tilfalli félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana, þar sem engin einstaklingur getur talist eiginlegur eigandi. Sama gildir um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga og lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.

Liður 3

Hér ber að gera nánari grein fyrir öllum beinum og óbeinum eigendum upplýsingaskylda lögaðilans, raunverulegum eigendum hans og eftir atvikum stjórnarmönnum og öðrum stjórnendum hans. Einungis lögaðilar sem falla undir 1. tölu. 10. gr. b jarðalaga, þ.e. lögaðilar með skráð lögheimili erlendis eða útibú erlendra lögaðila hér á landi, þurfa að skrá upplýsingar um stjórnarmenn og aðra stjórnendur sína.

Reitur A (Upplýsingar um): Einungis skal haka við eitt atriði hverju sinni. Ef einstaklingur er t.d. bæði óbeinn eigandi og raunverulegur eigandi félags, ber að gera grein fyrir honum sem óbeinum eiganda í einum dálki og sem raunverulegum eiganda í öðrum.

Ef beinn eða óbeinn eigandi er fjárvörslusljóður eða sambærilegur aðili, skal skrá fjárvörslusljóðinn sem beinan/óbeinan eiganda. Þá skal jafnframt veita upplýsingar um fjárvörsluaðila, stofnaðila, ábyrgðaraðila (ef við á), réttthafa eða hóp þeirra og aðra einstaklinga sem hafa yfirráð, beint eða óbeint yfir fjárvörslusljóði eða sambærilegum aðila á bls. 4 og skila ásamt eyðublaði þessu og fylgigögnum.


Raunverulegur eigandi í tilviki lögaðila telst meðal annars vera sá einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila:

- í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum,
- sem ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar með beinum og/eða óbeinum hætti,
- teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila.

Í hverju félagi geta raunverulegir eigendur verið einn eða fleiri og eru félög sjálf ábyrg fyrir því að afla upplýsinga um raunverulega eigendur sína. Ef ekki er mögulegt að finna raunverulegan eiganda samkvæmt ofangreindu, t.d. vegna svo dreifðs eignarhalds að engir einstaklingar eiga eða stýra viðskiptamanni í skilningi laga um skráningu raunverulegra eigenda eða ef vafi leikur á um eignarhaldið, skal sá einstaklingur, einn eða fleiri, sem stjórnar starfsemi lögaðilans teljast raunverulegur eigandi og skal skrá hann sem slíkan.

Reitur G (Eignarhlutur í lögaðila í beinni eigu (%)) og H (Atkvæðisréttur í lögaðila í beinni eigu (%)): Á einungis við um beina og óbeina eigendur. Hér skal skrá stærð beins eignarhlutar í eigu hvers beins eða óbeins eiganda upplýsingaskylda lögaðilans og hlutfall atkvæðisréttar, í prósentum. M.ó.o. skal skrá eignarhlut og atkvæðisrétt í beinni eigu hvers aðila í eigendakeðjunni.

Dæmi: Félagið A ehf. er upplýsingaskyld. A ehf. er í 100% beinni eigu erlenda félagsins B ltd. Félagið B ltd. er í beinni eigu Önnu (70%) og Jóns (30%). Anna og Jón fara bæði með 50% atkvæðisréttar í B ltd.



B ltd. er 100% beinn eigandi A ehf. Eignarhlutur í beinni eigu B ltd. er því 100% (reitur G). B ltd. fer einnig með 100% atkvæðisrétt í A ehf og er atkvæðisréttur B ltd. í A ehf. því 100% (reitur H). Anna er 70% beinn eigandi B ltd. Eignarhlutur í beinni eigu Önnu er því 70% (reitur G). Anna fer hins vegar bara með helming atkvæðisréttar í B ltd. og er atkvæðisréttur hennar í B ltd. því 50% (reitur H). Jón er 30% beinn eigandi B ltd. Eignarhlutur í beinni eigu Jóns er því 30% (reitur G). Jón fer hins vegar með helming atkvæðisréttar í B ltd. og er atkvæðisréttur hans í B ltd. því 50% (reitur H). Eins og framangreint dæmi sýnir, þá skal í reitum G og H gera grein fyrir stærð eignarhlutar og atkvæðisrétti í félagi í beinni eigu viðkomandi aðila í eigendakeðjunni. Þannig á t.d. að gera grein fyrir stærð eignarhlutar og atkvæðisrétti Önnu og Jóns í B ltd. (beint eignarhald), en ekki í A ehf. (óbeint eignarhald).

Reitur I (Beinn eða óbeinn eignarhlutur í upplýsingaskyldum lögaðila (%)): Á einungis við um raunverulega eigendur. Hér ber að gera grein fyrir eignarhlut raunverulegs eiganda í hinum upplýsingaskylda lögaðila, hvort sem það er beinn eða óbeinn eignarhlutur. Sé raunverulegur eigandi ekki beinn eða óbeinn eigandi upplýsingaskylda lögaðilans skal skilja þennan reit eftir auðan og gera frekari grein fyrir tegund eignarhaldsins í reit K.

Reitur J (Atkvæðisréttur í upplýsingaskyldum lögaðila (%)): Á einungis við um raunverulega eigendur. Hér ber að gera grein fyrir atkvæðisrétti raunverulegs eiganda í hinum upplýsingaskylda lögaðila. Sé raunverulegur eigandi ekki með atkvæðisrétt í upplýsingaskylda lögaðilanum skal skilja þennan reit eftir auðan og gera frekari grein fyrir tegund eignarhaldsins í reit K.

Reitur K (Tegund eignarhalds): Á einungis við um raunverulega eigendur. Hér ber að gera grein fyrir tegund eignarhalds raunverulegs eiganda, þ.e. grundvöllinn fyndir því að viðkomandi telst vera raunverulegur eigandi upplýsingaskylda lögaðilans. Samkvæmt ákvæði 4. tölu. 3. gr. laga nr. 82/2019 um skráningu raunverulegra eigenda er tegund eignarhalds skilgreint með eftirfarandi hætti: Beint eða óbeint eignarhald á hlutfé eða annars konar eignarheimildum, atkvæðavægi eða annars konar beint eða óbeint ákvörðunarvald, tilnefning stjórnarmanna eða annars konar bein eða óbein yfirráð eða stjórnun skráðs aðila skv. 2. gr.

Byggi skráningu raunverulegs eiganda á beinu eignarhaldi á hlutfé í einkahlutfélagi eða hlutfélagi, skal haka í reit 1. Byggi skráningu raunverulegs eiganda á beinu eignarhaldi (á stofnfé) t.d. í sameignar- eða samlagsfélagi skal haka við reit 2. Sé raunverulegur eigandi skráður á öðrum grundvelli, skal haka við „Annað“ og tilgreina tegund eignarhalds fyrir neðan (svo sem ef raunverulegur eigandi er skráður á grundvelli óbeins eignarhalds, stjórnarsetu eða annars konar yfirráða eða stjórnunar).

Fylgigögn

Upplýsingar sem veittar eru ríkisskattstjóra skulu studdar viðhlítandi gögnum sem unnt er að sannreyna, svo sem gögn sem staðfesta keðju eigenda, eignarhlut og raunverulega eigendur. Ábyrgð á að skila inn upplýsingum og gögnum til ríkisskattstjóra hvílir á upplýsingaskylda lögaðilanum. Ríkisskattstjóra er heimilt að inna upplýsingaskylda aðila eftir frekari gögnum og upplýsingum ef ástæða þykir til.

Framlögð gögn þurfa að vera á íslensku, ensku, dönsku, sænsku eða norsku, eða þýdd yfir á eitthvert þessara tungumála. Erlend vottorð mega ekki vera eldri en þriggja mánaða.

Dæmi um gögn sem geta staðfest gefnar upplýsingar (ekki tæmandi listi):

- Afrit af vegabréfi, sé raunverulegur eigandi erlendur ríkisborgari.
- Ársreikningar.
- Hlutafjármiðar.
- Stofnsamningur.
- Hluthafasamkomulag.
- Hlutaskrá.
- Einkaréttarlegir samningar, svo sem kaupsamningar.
- Vottorð frá erlendum fyrirtækjaskrárum eða sambærilegum aðilum í tilfalli erlendra lögaðila.
- Gögn sem staðfesta fjárvörsluaðila, stofnaðila, ábyrgðaraðila, réttthafa eða hóp þeirra og aðra sem hafa bein eða óbein yfirráð yfir fjárvörslusljóði eða sambærilegum aðila.

Varðandi skil á eyðublaði og gögnum til ríkisskattstjóra

Til að tryggja öryggi við miðlun gagna og upplýsinga skal skila gögnum til ríkisskattstjóra með rafrænum hætti í gegnum Signet. Þar er hægt að hlaða inn allt að 20 skrár á forminu PDF, PNG, JPG og JPEG og má hver skrá ekki vera stærri en 4MB. Notaðu þarf rafræna skilríki til að skrá sig inn og þegar skjölum hefur verið hlaðið inn eru þau send í rafræna undirritun í Signet. Nánari upplýsingar er að finna á <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/eignarhald-jardalog/>